

Kjósarhreppur  
Sigurður H. Ólafsson  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 18. febrúar 2022  
UST202202-123/A.Þ.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Sandslundur í Kjósarhreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Sandslund í Kjósahreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 11 ha svæðis sem liggur milli Sandár norðanverðrar og vestan við aðkomuveg að Sandi. Í gildi er deiliskipulag frá 2005 sem verður fellt úr gildi við gildistöku nýs skipulags. Deiliskipulagstillagan nær til 6 lóða sem eru á bilinu 0,7 – 3,5 ha.

### **Náttúruminjaskrá**

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er nr. 134 á náttúruminjaskrá og nefnist *Laxárvogur og Laxá í Kjós* og flokkast sem aðrar mikilvægar náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að verndargildi svæðisins rýrni ekki.

### **Árbakki**

Skipulagsuppdráttur sýnir að tvær lóðanna eru 30 og 40 m frá árbakkanum. Í tillögunni segir að skv. grein 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að vegna þessa ákvæðis þurfi að sækja um undanþágu frá fjarlægðarmörkum í landi. Umhverfisstofnun vill þó vekja athygli á 26. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en þar segir: „*Óheimilt er að setja niður girðingar á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur.*“

Einnig vill stofnunin benda á 62. gr. náttúruverndarlaga en þar segir um vernd bakkagróðurs að: „*við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.*“

**Slóði**

Á skipulagsupprætti sést slóði vestast á skipulagssvæðinu, að hluta alveg upp við ána. Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er hvergi fjallað um þennan slóða. Mikilvægt er að gerð sé grein fyrir slóðanum í greinargerð og hver sé fyrirhuguð notkun hans.

**Ásýnd mannvirkja**

Umhverfisstofnun bendir á 69. gr. náttúruverndarlaga en þar segir að *„við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

Axel Benediktsson  
sérfræðingur